245. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 31. ágúst 2026, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Magnús A. Sigurðsson og varamaður hans. Arnar Kristjánsson forfallaðist með stuttum fyrirvara.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 14.30.

1. **Fundargerð 244. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 244. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 23. júní 2026.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. **Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2026**

Fyrir liggur að skipuleggja vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar árið 2026.

Breiðafjarðarnefnd fer árlega í vettvangsferð um Breiðafjarðarsvæðið. Tilgangur ferðarinnar er að nefndarfólk kynnist Breiðafirði og sérkennum hans nánar, auk þess sem heimsóttir eru staðir sem tengjast beint starfsemi nefndarinnar.

Fara átti í vettvangsferð í lok ágúst 2026, en vegna skipulagsbreytinga þarf að endurskoða fyrirkomulag ferðarinnar.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi skipulag vettvangsferðarinnar, sem farin verður um Reykhólahrepp og Dalabyggð síðar í haust.

3. **Framtíð Breiðafjarðar - Ramsar**

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „Framtíð Breiðafjarðar“ árið 2019. Eftir að niðurstöður stýrihóps um Framtíð Breiðafjarðar voru kynntar hefur nefndin undirbúið mögulega skráningu á hluta Breiðafjarðar á Ramsarskrána.

3.1. **Beiðni Sveitarfélagsins Stykkishólms um upplýsingar og gögn**

Sveitarfélagið Stykkishólmur sendi Breiðafjarðarnefnd beiðni um frekari upplýsingar varðandi mögulega skráningu Breiðafjarðar á Ramsarskrána og óskaði eftir minnisblaðinu sem nefndin ræddi á 243. fundi þann 7. maí 2026.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd svaraði fyrirspurn Sveitarfélagsins Stykkishólms en ákvað að senda umrætt minnisblað á öll sveitarfélögin við fjörðinn síðar í haust.

3.2. Samskipti við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Náttúruverndarstofnun

Skipulag verkefnisins rætt í ljósi samskipta við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Náttúruverndarstofnun.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til ráðgjafar er varðar verndarsvæði Breiðafjarðar og Ramsar samningurinn er vistaður hjá Náttúruverndarstofnun fyrir hönd ríkisins.

4. Endurbætur á Stykkishólmsvegi – Erindi til Vegagerðarinnar

Framkvæmdir standa yfir vegna endurbóta á Stykkishólmsvegi (58). Vegurinn liggur meðal annars við Vogsbotn, innst í Nesvogi, sem er hluti af Breiðafirði. Framkvæmdir hafa staðið yfir um nokkurt skeið en um miðjan ágúst var vegurinn við Vogsbotn breikkaður og við það raskaðist fjara Breiðafjarðar, þar á meðal sjávarfitjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd skoðaði opinber gögn um framkvæmdina á fundinum og mun leita sér frekari upplýsinga um málið hjá sveitarfélaginu og Vegagerðinni.

Breiðafjarðarnefnd samþykkti erindisbréf til Vegagerðar sem lagt var fyrir á fundi. Starfsmaður nefndarinnar mun ganga frá erindinu.

5. Útgáfa bókar um sögu Flateyjar á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fékk senda stutta greinargerð um undirbúning að bók um sögu Flateyjar á Breiðafirði sem kemur út á 250 ára verslunarafmæli Flateyjar þann 18. júní 2027.

Höfundurinn óskar eftir því að Breiðafjarðarnefnd styðji útgáfu sögu Flateyjar með þátttöku í greiðslu kostnaðar við verkið.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd skoðaði styrkjareglur sem gilda fyrir nefndina. Mikilvægt er fyrir nefndina að uppfæra styrkjareglurnar á heimasíðu nefndarinnar þar sem þær hafa tekið töluverðum breytingum frá því að þær voru síðast uppfærðar árið 2018.

Breiðafjarðarnefnd mun svara erindinu og óska eftir ítarlegri upplýsingum um verkefnið og kostnaðarþætti áður en hún getur tekið ákvörðun um aðkomu sína að verkefninu.

6. Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð

Náttúrustofur Vesturlands og Vestfjarða vinna að endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð. Verkefnið hefur undanfarin ár aðallega verið í umsjón Jakobs Stakowski hjá Náttúrustofu Vesturlands, sem er einnig starfsmaður Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar kynnti stöðu verkefnisins fyrir nefndinni.

Verkefnið hefur farið fram úr áætlun og var ákveðið að formaður og starfsmaður Breiðafjarðarnefndar, auk forstöðumanna náttúrustofanna tveggja, hittust í byrjun september til að fara nánar yfir stöðuna.

7. Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2026

Fjármál Breiðafjarðarnefndar skoðuð í ljósi verkefna á árinu.

8. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2025

Fyrstu drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2025 voru staðfest í vor. Samkvæmt áætlun átti að afhenda ráðherra skýrsluna í vettvangsferðinni í sumar, en vegna breytinga á skipulagi vettvangsferðarinnar er tilefni til að skila starfsskýrslunni nú.

Nefndin samþykkti á fundinum að senda ráðherra starfsskýrsluna í tölvupósti. Skýrslan verður í kjölfarið gerð aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar hér.

9. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur, væntanlega í vettvangsferðinni í lok september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.